

**SFF**  
**SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**  
Icelandic Financial Services Association

19. janúar 2016

Nefndarsvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll


Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis varðandi umsögn um mál 420, frumvarp til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands (stöðugleikaframlag).

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna því að sett sé skýr umgjörð um þær eignir sem færast til Seðlabanka Íslands vegna greiðslu stöðuleikaframlags þrotabúa gömlu bankanna og meðferð þeirra.

Samtökin vilja koma á framfæri við nefndina nokkrum athugasemdum við frumvarpið:

1. Ástæða er til þess að hæfniskröfur séu ítarlegri til stjórnarmanna en fram kemur í frumvarpinu. Hugsanlega mætti hafa fyrirmynd af ákvæðum í 6. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, lög 88/2009.
2. Óvenjulegt er að ráðherra geti mælt fyrir um skaðleysi stjórnar – og starfsmanna fyrirtækisins eins og kemur fram í frumvarpinu. Slíkt þyrfti að ákveða með lögum. Álitamál er einnig hvað í þessu felst. Þýðir þetta að einkaréttarleg ábyrgð á starfi stjórnar- og starfsmanna færirst til ráðherra og þar með ríkisins. Þá er einnig óvenjulegt að stjórnar- og starfsmenn fjármálafyrirtækja, hvort sem þau eru í eigu ríkis eða einkaaðila, njóti skaðleysis af störfum sínu.
3. Ekki kemur fram í frumvarpinu hverskonar félagsform félagið hefur sem stofna á. Er það ríkisfyrirtæki eða opinbert hlutfélag (ohf). Ef til vill væri heppilegast að félagið væri opinbert hlutfélag.
4. Þá telja SFF a vegna gagnsæis sé heppilegt að halda lausu fé sem fæst vegna stöðuleikaframlags á sérstökum reikningum öðrum en viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Virðingarfyllt,



fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja

